



Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Starfsskýrsla 2017-2021



Efnisyfirlit

Stjórnun	3
Fjárhagur	13
Rekstur	17
Framkvæmdir	22
Öryggismál	28
Fræðsla	30
Samstarf	33
Fullveldisafmæli 2018	36
Heimsóknir og viðburðir	37

Starfsskýrsla Þingvallanefndar 2017-2021

Útgefandi: Þingvallanefnd

Umsjón: Athygli

Umbrot: Ritform

Ljósmyndir: Einar Á. E. Sæmundsen, Torfi Stefán Jónsson og fleiri

Forsíðumynd: Þann 18. febrúar 2021 komu fjórir ferðamenn til Þingvalla. Einn gekk inn í þökuna í Almannagjá og hvarf sjónum.

Á sama degi ári áður en Covid-faraldurinn hófst gengu 3322 ferðamenn um Almannagjá.

Prentun: Litróf – umhverfisvottuð prentsmiðja



STJÓRNUN


3

Pingvallanefnd 2017-2021

Pingvallanefnd fer með yfirstjórn Þjóðgarðsins á Pingvöllum en hann var stofnaður með lögum árið 1930. Nefndin heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið og er skipuð sjö þingmönnum kosnum af Alþingi. Pingvallanefnd ræður þjóðgarðsvörð sem er framkvæmdastjóri þjóðgarðsins og annast daglegan rekstur og ræður annað starfsfólk.

Eftir alþingiskosningar í nóvember 2016 var fyrsti fundur nýkjörinnar Pingvallanefndar haldinn í lok maí 2017. Pingvallanefnd skipuðu þá alþingismennirnir Vilhjálmur Árnason formaður, Theodóra Þorsteinsdóttir varaformaður, Andrés Ingi Jónsson, Páll Magnússon, Einar Brynjólfsson, Hanna Katrín Friðriksson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Eftir alþingiskosningar í lok nóvember 2017 var ný Pingvallanefnd kjörinn af Alþingi 8. febrúar 2018. Fyrsti fundur nefndarinnar var 14. mars 2018. Hana skipuðu alþingismennirnir Ari Trausti Guðmundsson formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Hanna Katrín Friðriksson, Karl Gauti Hjaltason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Páll Magnússon og Oddný G. Harðardóttir. Guðmundur Andri Thorsson tók sæti í Pingvallanefnd í október 2018 í stað Oddnýjar G. Harðardóttur. Á starfstíma þeirra tveggja Pingvallanefnda sem setið hafa frá því í maí 2017 til loka árs 2021 voru haldnir 57 fundir.

Pingvallanefnd á nýjum útsýnispalli við Hrafnagjá 2019. Frá vinstri: Líneik Anna Sævarsdóttir, Vilhjálmur Árnason, Guðmundur Andri Thorsson, Ari Trausti Guðmundsson, Karl Gauti Hjaltason, Páll Magnússon og Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður. Á myndina vantar Hönnu Katrínu Friðriksson.



Ari Trausti
Guðmundsson.

Ávarp formanns

Nú er nýlokið fjögurra ára setu sjö þingmanna í Þingvallanefnd. Hún stýrir í meginatriðum framvindunni í þjóðgarðinum í góðu samstarfi við þjóðgarðsvörð og starfsmenn. Árin fjögur einkenndust af viðamiklum verkefnum og verulegum sviptingum í ytri starfsskilyrðum. Meðal annars má nefna framkvæmdir við gestastofu, bílastæði og aðra innviði á Hakinu, brýnar framkvæmdir í þinghelginni, ráðningu þjóðgarðsvarðar, nýja verndar- og nýtingaráætlun og loks heimsfaraldur alvarlegs smitsjúkdóms. Þá þurfti sérstakur hátíðarfundur í tilefni af fullveldisártilfinningu 2018 vandaðan undirbúning. Um alllangt skeið, á seinni hluta tímabilsins, voru gestakomur litlar sem engar vegna áhrifa Covid-19 sjúkdómsins. Bregðast þurfti við snarminnkuðum umsvifum og sértekjum þjóðgarðsins. Ráðast varð í stórfellda endurskipulagningu starfseminnar, til bráðabirgða sem betur fer. Hún var íþyngjandi og leið fyrir alla sem að starfseminni koma og ber að þakka fyrir æðruleysi og skilning þeirra sem fyrir urðu. Margt í starfseminni hefur sem betur fer horfið til fyrri háttá á þessu ári og margir starfsmenn voru endurráðnir.

Að auki var unnið við nýtt deiliskipulag fyrir þinghelgina og bætt aðgengi á austursvæði þjóðgarðsins. Samhliða var lögð fram vönduð þolmarkagreining fyrir starfsemina í Silfru. Hún er sú fyrsta sem unnin er á viðurkenndan, vísindalegan hátt fyrir ásetið ferðatakmörk. Telst um margt fyrirmynd þess sem koma verður í gagnið á fjölmörgum ferðamannastöðum, friðuðum svæðum landsins og í þjóðgarðinum sem heild. Ánægjulegt var að fylgjast með fræðslustarfi og vinsældum glæsilegrar verðlaunasýningar í gestastofunni. Sömu leiðis með bættri fornleifaskráningu og ýmsum náttúrufars- og menningarannsóknunum sem stundaðar eru á Þingvöllum. Þingvallanefnd samþykkti einnig að hafinn væri undirbúningur að því að opna fyrir umsóknir um dvöl listamanna og sérfræðinga í sumarhúsi skammt sunnan við svonefndan Valhallarreit. Væntanlega hefjast gestakomur þar á næstunni. Brýn breikkun Gjábackkavegar, með öflugri gróðurvernd, þykir hafa tekist vel.

Líkt og undanfarin allmörg ár samþykkti nefndin kaup á sumarþúststöðum og lóðum, einkum í austurhluta þjóðgarðsins í samvinnu við fjármálaráðuneytið. Megintilgangurinn er að minnka frístundabyggðina með ábyrgum hætti á tímabili sem í reynd verður talið í áratugum, ef að líkum lætur. Er það stefna, mótuð af sérhverri Þingvallanefnd, í samræmi við tilmæli Heimsminjaskrár.

Sérstaða Þingvalla meðal þjóðarinnar endurspeglast í gömlu og reyndu fyrirkomulagi stjórnunar sem raungerist í Þingvallanefnd. Hvort sem breytingar verða eða ekki á fyrirkomulagi hennar var fráfaraði Þingvallanefnd sammála um að halda skuli sértengslum Alþingis við þjóðgarðinn með skýrum hætti. Samstarf í nefndinni var með ágætum, innbyrðis jafnt sem við þjóðgarðsvörð, Einar Á. E. Sæmundsen, og stóran hóp starfsmanna. Ég þakka nefndarmönnum, Einari og hópnum öllum fyrir samstarfið, ósérhlífni og natni við dagleg störf, oft við erfiðar aðstæður. Í Þingvallanefnd sátu, auk mín, Vilhjálmur Árnason (varaformaður), Línéik Anna Sævarsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Páll Magnússon, Guðmundur Andri Thorsson og Karl Gauti Hjaltason. Í upphafi nýs kjörtímabils Alþingis er ný nefnd kosin til starfa og óska ég henni velfarnaðar. Sömu ósk færi ég

öllum sem koma að rekstri og starfsemi Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Þar á meðal er sveitarstjórn Bláskógabyggðar og ráðuneyti umhverfismála og fjármála.

Á síðasta fundi fráfarandi Þingvallanefndar, á Þingvöllum, var meðal annars rætt óformlega um nálæga framtíð þjóðgarðsins. Þar kom fram von um að lögð verði áhersla á fornleifarannsóknir í þinghelginni, á nýtt deiliskipulag og frekari stefnumótun, sem snertir stækkun þjóðgarðsins, bætt aðgengi á austursvæðinu og þölmörk þjóðgarðsins. Má fullyrða að þessi atriði séu meðal þeirra sem stuðla að sérstöðu og gildi hins gamla og merka friðlands í margföldum skilningi hugtaksins, eins af kjörnum samfélagsins á Íslandi.

Mosfellsbæ, 4. desember 2021,

Ari Trausti Guðmundsson formaður Þingvallanefndar

Stefnumótun 2018-2038

Stefna um vernd, uppbyggingu og rekstur Þjóðgarðsins á Þingvöllum til næstu 20 ára var samþykkt af Þingvallanefnd í desember 2018. Um er að ræða endurskoðun á fyrri stefnumörkun sem gildi frá 2004-2024 og er tekið mið af gjörbreyttum forsendum um fjölda gesta og þá aðstöðu sem móttaka þeirra krefst. Endurskoðun stefnunnar byggðist á þeirri reynslu sem safnast hefur og þeim breytingum sem orðið hafa, ekki síst með vaxandi ferðamannafjölda. Sem fyrr er mikilvægast það markmið að vernda náttúru, sögusvið og minjar í þjóðgarðinum til framtíðar en búa jafnframt í haginn fyrir mikinn fjölda gesta. Stefnan miðast við framtíðarsýn til ársins 2038.

Við endurskoðun stefnunnar var haft samráð við hagsmunaaðila og opinbera aðila sem tengjast málefnum þjóðgarðsins, svo sem ferðaþjónustu- og viðbragðsaðila, Vegagerðina, stjórnsýslustofnanir, félagasamtök, orkufyrirtæki og fræðasamfélag. Einnig var hafður til hliðsjónar afrakstur hugmyndaleitar um upplifanir á Þingvöllum sem almenningi var boðið að taka þátt í árið 2011.



Einar Á. E.
Sæmundsen
Þjóðgarðsvörður.

Nýr þjóðgarðsvörður á Þingvöllum

Þann 1. október 2017 lét Ólafur Örn Haraldsson af störfum þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum vegna aldurs en hann hafði þá gegnt starfinu frá árinu 2010. Starfsemi þjóðgarðsins tók miklum breytingum á starfstíma Ólafs Arnar, meðal annars vegna mikilla áskorana sem aukin ferðaþjónusta hefur haft í för með sér. Einar Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúi þjóðgarðsins var ráðinn af Þingvallanefnd til að gegna stöðu þjóðgarðsvarðar til eins árs, eða þar til staðan hefði verið auglýst og nýr þjóðgarðsvörður ráðinn.

Alls sóttu 20 um stöðu þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum þegar staðan var auglýst laus til umsóknar haustið 2018. Tveir umsækjenda voru taldir hæfastir, þau Einar Á. E. Sæmundsen starfandi þjóðgarðsvörður og Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir fyrrverandi alþingismaður og var niðurstaða meirihluta Þingvallanefndar sú að ráða Einar í starfið. Ólína kærði þessa niðurstöðu til kærunefndar jafnréttismála sem komst að þeirri niðurstöðu að jafnréttislög hefðu verið brotin í ráðningarferlinu. Ríkislögmaður samdi um bætur til Ólínu vegna þessa.

Þegar Einar Á. E. Sæmundsen tók við stöðu þjóðgarðsvarðar 2017 hafði hann starfað sem fræðslufulltrúi þjóðgarðsins frá árinu 2001. Einar útskrifaðist sem landfræðingur frá Háskóla Íslands 1996 og sem landslagsarkitekt frá Háskólanum í Minnesota 2000. Auk þess að skipuleggja og sjá um fræðslustarf hjá þjóðgarðinum hafði Einar haft umsjón með framkvæmdum innan hans undanfarin ár. Þá vann hann að umsókn Þingvalla fyrir Heimsminjaskrá UNESCO og situr í stjórn samtaka norrænna heimsminjastaða ásamt því að vera tengiliður þjóðgarðsins við ýmis alþjóðaverkefni sem þjóðgarðurinn hefur tekið þátt í. Einar er búsettur í Reykholti í Bláskógabyggð.



Sumarhús í Þjóðgarðinum

Í samræmi við stefnumörkun Þingvallanefndar 2004-2024 um að sumarhús víki úr Þjóðgarðinum hefur sumarhúsum á svæðinu verið fækkað. Í dag eru 70 sumarhús í einkaeigu með gildan lóðarleigusamning í Þjóðgarðinum. Þjóðgarðurinn er skráður fyrir 19 lóðum sem áður voru í útleigu en hann hefur leyst til sín 10 sumarhús á árunum 2017 til 2021. Meðal annars eru nú allar lóðir og eignir á austurhluta svæðisins í umsjón Þjóðgarðsins. Bústaðirnir verða allir fjarlægðir fyrir utan einn sem verður nýttur sem aðstaða fyrir Þjóðgarðinn á austursvæðinu.

Skerpt á lóðarleigusamningum

Gengið var frá nýjum lóðarleigusamningum til 10 ára við eigendur sumarhúsa innan Þjóðgarðsins í ársbyrjun 2021. Samningarnir voru uppfærðir og þeim breytt lítillega, skerpt á ýmsum ákvæðum eldri samninga og m.a. bætt við ákvæði um að óheimilt sé að leigja bústaðina út til lengri eða skemmri tíma, þ.m.t. til „Airbnb“ eða annarra sambærilegra leigufyrirtækja.

Byggingarskilmálar eru óbreyttir frá 2010 en þá samþykkti Þingvallanefnd nýja skilmála sem kveða á um að óheimilt sé að reisa ný sumarhús í landi Þjóðgarðsins en heimilt að viðhalda þeim byggingum sem fyrir eru og breyta eldri húsum og lagfæra á leigutím-anum.

Þingvallanefnd hefur keypt og leyst til sín alla sumarbústaði í landi Gjábakka í austurhluta Þjóðgarðsins.

Horft í átt að
Stekkjargjá.
Hugmyndin er að hér
verði lögð ný gönguleið
niður í Þinghelgina.



Nýtt deiliskipulag í kynningu

Stefnt er að því að á árinu 2022 verði hægt að hefja formlega kynningu á nýju deiliskipulagi á svæðinu frá Haki að Leirum en það hefur verið í vinnslu frá haustinu 2019. Drög að skipulaginu voru kynnt á fundi Þingvallanefndar í mars 2020 en árið áður höfðu skipulags- og matslýsingar verið samþykktar bæði af Þingvallanefnd og sveitarstjórn Bláskógabyggðar. Markmið deiliskipulagsins er að tryggja vernd einstakrar náttúru og menningarminja og að bæta aðgengi að vesturhluta Þjóðgarðsins og auka þjónustu við gesti. Stefna Þingvallanefndar um vernd, uppbyggingu og rekstur Þjóðgarðsins á Þingvöllum 2018–2038 hefur verið höfð að leiðarljósi í vinnu við deiliskipulagið en höfuðforsenda skipulags og uppbyggingar í Þjóðgarðinum er sú að landið og sérkenni þess, vistkerfi og menningarminjar njóti verndar í sjálfbæru ástandi. Samhliða því er mikilvægt að bæta aðgengi og auka tækifæri gesta til að upplifa náttúru og menningarminjar á öruggan og fjölbreyttan hátt.

Ný þjónustumiðstöð

Nýtt deiliskipulag gerir
ráð fyrir bílastæði og
nýrri þjónustumiðstöð
fyrir norðan Öxará.

Til að taka á móti þeim fjölda ferðamanna sem munu sækja Þingvelli heim í framtíðinni er í deiliskipulagi gert ráð fyrir viðbótar móttökusvæði inn í Þjóðgarðinn. Sjá mynd til vinstri. Miðað er við að ný þjónustumiðstöð og stórt bílastæði verði staðsett talsvert norðan við núverandi bílastæði við Hakið. Frá svæðinu verður göngustígur til suðurs að gjá sem liggur að Stekkjargjá.



Í tillögunni er gert ráð fyrir nýjum göngustíg um ónefnda gjá niður í Stekkjargjá þaðan sem stutt verður að ganga að Öxarárfossi.



Rafvagnar

Stefnt er að því að almenningssvagnar knúnir rafmagni gangi um skipulagssvæðið á 15-30 mín. fresti milli kl. 9-17 alla daga og komi við á Haki, við nýju þjónustumiðstöðina, Leirur/tjaldsvæði, Furulund, Flosagjá, Silfru og Valhallarplan. Með þessu munu gestir þjóðgarðsins sem koma á einkabílum geta lagt þeim við Hakið eða nýju þjónustumiðstöðina og farið um þjóðgarðinn með litlum eða meðalstórum almenningsvögnum sem stansa á þessum stöðum.

Veitingahús og fundarstaður


Gert er ráð fyrir að hægt verði að reisa veitingahús, sem jafnframt geti þjónað hlutverki sem fundarstaður, m.a. fyrir Alþingi, suðvestan við Hakið með góðu útsýni yfir þinghelgina og vatnið. Staðsetningin er í samræmi við niðurstöðu staðarvalsathugunar frá 2014 en þennan stað verður hægt að tengja með göngustíg niður í Hestagjá og þaðan til norðurs að Almagnagjá og til suðurs út fyrir skipulagssvæðið. Bygging á þessum stað verður ekki sýnileg frá þinghelginni.

Silfra

Núverandi aðstaða þeirra sem halda úti skipulagðri köfun í Silfru er á gömlum þýrlupalli/bílastæði norðan Valhallarvegar. Þessi staðsetning þykir óheppileg, m.a. með tilliti til ásýndar, auk þess sem þörf er á betri aðstöðu fyrir viðskiptavini og þjónustuaðila. Stefnt er að því að meginaðstaða þeirra sem bjóða upp á köfun í Silfru flytjist í nýja þjónustumiðstöð við Langastíg og að gestir þeirra verði ferjaðir þaðan með rafknúnum vögnum að lágmarksaðstöðu í nánd við Silfru þar sem aðgengi er að niðurstigi og til baka aftur frá uppstigi.

Miðað er við að veitingahús með fundaaðstöðu og góðu útsýni yfir þinghelgina geti risið suðvestan við Hakið.

Fjöldi gesta dróst stórlega saman eftir að Covid-19 faraldurinn brast á í árslok 2019.



Álagsmat

Stefnt er að því að vinna burðarþolsmat á heildarfjölda ferðamanna sem þjóðgarðurinn getur tekið við á hverjum tíma. Slíkt mat er mjög mikilvægt til að hægt sé að meta þörf fyrir innviði og uppbyggingu þeirra í framtíðinni. Við fyrsta mat verður horft til svæðisins umhverfis Almannagjá sem er það svæði sem flestir ferðamenn fara um á degi hverjum.

Fyrir Covid-19 faraldurinn komu yfir 2 milljónir ferðamanna til Íslands á ári og skv. tölningum komu 70-75% þeirra til Þingvalla eða um 1,5 milljón ferðamanna. Skv. jafnvægisás ferðamála sem gerður var fyrir Covid-19 faraldurinn var miðað við 2-5% árlega fjölgun ferðamanna til ársins 2030 og ef áfram er miðað við að 70-75% þeirra komi til Þingvalla má búast við 2-3 milljónum ferðamanna til Þingvalla árið 2030. Settir voru upp gönguteljarar, annars vegar í Kárastaðastíg í Almannagjá og hins vegar við gönguleiðina inn að Öxarárfossi í lok árs 2017. Þeir hafa gefið ágætis sýn á fjölda gangandi gesta garðsins. Þá hafa Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir haldið úti umferðarteljarum við innkeyrsluna að gestastofunni á Haki allt frá árinu 2014 sem sýna svipaðar niðurstöður og gönguteljarar.

Fjöldi gesta í þjóðgarðinum náði hámarki 2018 þegar rúm 1,6 milljón gesta gekk um Almannagjá. Það voru því strax merkjanlega færri sem komu árið 2019, eða um 1,3 milljón gesta. Óljóst er hvað hefði orðið 2020 ef ekki hefði komið til heimsfaraldurs Covid-19 en þá dró verulega úr öllum gestagangi og gönguteljarinn taldi rúmlega 300.000 manns.

Ein helsta breyting síðustu ára er aukinn fjöldi gesta yfir vetrartímann. Slíkt kallaði á frekari aðgerðir þjóðgarðsins til að tryggja, eins og hægt var, örugga umferð akandi og gangandi gesta. Það var gert með umtalsverðum snjómokstri, söndun og söltun. Þá eru sett upp skilti á veturna sem vara við stígum sem ekki eru mokaðir eða hálkvarðir.

Gripið var til aukins snjómoksturs til að tryggja öryggi göngufólks.





Jóna Kolbrún
Sigurjónsdóttir
við vörn
meistararit-
gerðar sinnar.

Þingvellir til framtíðar

Haustið 2021 varði Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir verkefnastjóri Þjóðgarðsins á Þingvöllum meistaraverkefni sitt – Þingvellir til framtíðar – Álagsmat í Þjóðgarðinum á Þingvöllum – við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Í verkefninu var unnið með fyrirbyggjandi upplýsingar um gestakomur og notkun innviða til setja fram spálíkan um hvaða áhrif fjölgun ferðamanna hefur á þölmörk innviða og upplifun gesta. Við verkefnið var nýtt einstakt tækifæri sem gafst með Covid-19 faraldrinum til að framkvæma spurningakönnun þegar fæstir gestir komu í þjóðgarðinn. Könnunin er því mikilvægt viðmið til framtíðar þegar horft verður til upplifunar gesta af staðnum. Stefnt er að því að endurtaka könnunina reglulega. Með þessu hefur þjóðgarðurinn fengið gagnlegt verkfæri til að mæla hvort fjöldi gesta í þjóðgarðinum hefur áhrif á upplifun þeirra á hverjum tíma.

Breytt lög um atvinnustefnu

Vorið 2019 samþykkti Alþingi breytingu á lögum um Þjóðgarðinn á Þingvöllum þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að reka atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum án samnings um það við Þingvallanefnd. Lögin fela einnig í sér heimild til gjaldtöku vegna gerðar slíkra samninga, umsjón með þeim og eftirlit. Hér er um nýmæli að ræða í Þjóðgarðinum á Þingvöllum en sambærilegt fyrirkomulag er að finna í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007, með síðari breytingum. Þingvallanefnd ber að móta atvinnustefnu um rekstur innan þjóðgarðsins og að setja skilyrði sem þarf að uppfylla til að stunda atvinnu innan þjóðgarðsins, m.a. með tilliti til verndarmarkmiða.

Lög um nýtingu á landi ríkisins í atvinnuskyni

Vorið 2021 samþykkti Alþingi lög um nýtingu lands í eigu ríkisins í atvinnuskyni. Lögin eiga að stuðla að hagkvæmri nýtingu, sjálfbærni, aðgengi og uppbyggingu innviða og atvinnulífs á landi í eigu ríkisins þar sem jafnframt er tekið tillit til jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða. Með lögnum eru mótaðar tillögur um hvernig best verði staðið að úthlutun á hvers kyns rétti til nýtingar í atvinnuskyni á landi og náttúru-

Yfirfull rútustæði við gestastofuna á Haki.



perlum í eigu ríkisins. Með þessum lögum eru Þingvallanefnd veittar skýrar heimildir til að setja nákvæmari reglur og umgjörð fyrir atvinnurekstur sem fer fram innan Þjóðgarðsins.

Úttekt Ríkisendurskoðunar

Árið 2020 endurskoðaði Ríkisendurskoðun ársreikning Þjóðgarðsins á Þingvöllum fyrir árið 2019 en það var síðast gert árið 2015. Lögum samkvæmt miðaði endurskoðunin að því að kanna hvort reikningsskilin gæfu glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu og hvort þau væru í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila. Ennfremur var kannað hvort innra eftirlit tryggi viðunandi árangur og hvort rekstur og umsvif hefðu verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við. Endurskoðun stofnunarinnar á virkni innra eftirlits Þingvallaþjóðgarðs var án athugasemda og er almennt talið að vel sé staðið að umsýslu og ut anumhaldi gagna.



Með auknum fjölda ferðamanna á árunum 2017-2019 jukust sértekjur Þjóðgarðsins á Þingvöllum og sömuleiðis útgjöld. Sértekjur hafa staðið undir vaxandi þjónustu við ferðamenn í Þjóðgarðinum en framlag ríkissjóðs til rekstursins á fjárlögum dugar ekki og því reiðir Þjóðgarðurinn sig á sértekjur af ferðamönnum. Halli var á rekstrinum 2017 og 2018 en árið 2019 náðist að skila tæplega 15 millj. kr. afgangi af rekstrinum.

Rekstur og afkoma Þjóðgarðsins 2017-2021

	2017	2018	2019	2020	2021*
Tekjur	503.138.875	460.261.246	537.328.933	192.541.423	196.818.894
Gjöld	607.694.196	570.190.798	628.847.925	396.722.910	299.500.000
Framlag ríkissjóðs	86.134.716	105.900.000	106.500.000	203.900.000	141.300.000
Rekstrarniðurs. hagnaður + / tap	-18.420.605	-4.029.552	14.981.008	-281.487	38.618.894
Höfuðstóll / Jöfnuður 31.12	-66.171.128	-70.200.680	-55.219.672	-55.501.159	-16.882.265
*Áætlun					

Höfuðstóll var neikvæður á árunum 2017-2020 sem er m.a. vegna endurbóta á þjónustu-miðstöð sem ráðist var í árin 2016-2017. Launakostnaður jókst einnig mjög mikið á árunum 2017-2019 vegna fjölgunar starfsmanna. Ánægjulegt er að miðað við útkomuspá 2021 ætti Þjóðgarðurinn að geta rétt af neikvæða stöðu höfuðstóls.

Framkvæmdafé á fjárlögum 2017-2021

	2017	2018	2019	2020	2021
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum og fjárukalögum	452.800.000	446.900.000	248.700.000	92.700.000	75.700.000
Styrkir veittir til fjárfestinga		45.000.000	15.000.000	16.356.240	3.800.000
Styrkir veittir til fjárfestinga		1.700.000			48.000.000
Samtals	452.800.000	493.600.000	263.700.000	109.056.240	127.500.000

Árið 2017 var framkvæmdafé 452,8 millj. kr. vegna stækkunar gestastofu á Haki og vinnu við uppsetningu sýningarinnar „Hjarta lands og Þjóðar“ sem hófst í nóvember 2016 og lauk í júlí 2018.

Árið 2018 var fjárveiting 446,9 millj. kr. vegna 270 bílastæða sem útbúin voru skammt vestan við gestastofu á Haki en heildarstærð þeirra er 1.06 ha. Samhliða stækkun gestastofu voru á árinu 2018 veittir samtals 45 millj. kr. styrkir til fjárfestinga úr landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegra minja auk 1,7 millj. kr. til eignakaupa á fjárlögum. Byrjað var á fyrsta áfanga stígakerfis í Þingvallahrauni, göngupallur við Öxarárfoss var endurbyggður og nýr 110 m göngupallur lagður um Stuttastíg. Að auki var unnið að fyrsta áfanga deiliskipulags svæðisins frá Hakinu niður að þjónustumiðstöð á Leirum.

Árið 2019 var fjárveiting vegna bygginga þriggja nýrra salernishúsa 248,7 millj. kr. Tvö þeirra verða í þinghelginni og eitt á Hakinu. Úr landsáætlun um uppbyggingu innviða voru veittir 15 millj. kr. styrkir til fjárfestinga í öðrum áfanga stígakerfis í Þingvallahrauni, til malarstíga og til hönnunar og fyrstu útfærslu göngustígs og útsýnispalls við Hrafnagjá.


Árið 2020 var 90,6 millj. kr. fjárveiting til nýframkvæmda og uppbyggingar göngustíga innan friðlands Þingvalla auk styrks til uppbyggingar innviða og vegna þriðja áfanga stígakerfis í Þingvallahrauni og til að ljúka hönnun og útfærslu göngustígs og útsýnispalls við Hrafnagjá.

Árið 2021 var 75,7 millj. kr. fjárveiting til nýframkvæmda og uppbyggingar göngustíga innan friðlands Þingvalla auk 3,8 millj. kr. styrks til uppbygginga innviða og lokahönnunar í nærumhverfi salernishúsa neðan við Almannagjá. Þá voru samtals veittar 48 millj. til frágangs á nærumhverfi bílastæða og salernishúsa og vegna fjórða áfanga stígakerfis í Þingvallahrauni.

Sértekjur, framlög og styrkir

Þjónustutekjur eru af bílastæðum, Silfru og salernum. Hætt var innheimtu þjónustugjalda á salernum í júlí 2018 um leið og tekin var upp myndavélabúnaður við bílastæði og bílastæðagjaldið hækkað lítillega. Sölutekjur voru af verslunum í þjónustumiðstöð og í gestastofunni á Haki.

Gestur greiðir þjónustugjald fyrir bílastæði.



Sundurliðun á sértekjum

Sértekjur	2017	2018	2019	2020	2021*
Lóðarleiga	15.210.832	18.998.427	19.459.967	12.857.380	11.418.894
Gistigjöld	22.067.455	20.666.770	19.579.840	6.718.052	11.000.000
Þjónustutekjur salerni	51.558.624	23.814.832			
Þjónustutekjur Silfra	58.512.000	71.786.000	93.815.645	25.585.624	51.000.000
Þjónustutekjur bílastæði	119.665.712	136.775.248	186.549.904	45.835.870	81.000.000
Vörusala nettó	151.590.937	174.825.944	187.194.413	53.056.077	10.000.000
Aðgangseyrir sýning		4.404.000	8.457.350	1.681.500	4.000.000
Aðrar tekjur	14.933.315	8.990.025	22.271.814	17.540.254	12.000.000
Styrkir / framlög	69.600.000			29.266.666	7.400.000
Húsaleiga - útboð rekstur					9.000.000
Samtals	503.138.875	460.261.246	537.328.933	192.541.423	196.818.894
Framlag ríkissjóðs til reksturs	86.134.716	105.900.000	106.500.000	203.900.000	141.300.000
*Áætlun					


Vegna Covid-19 faraldursins var rekstri verslunar í gestastofunni hætt í september 2020 en verslunin í þjónustumiðstöðinni var rekin af þjóðgarðinum þar til í júní 2021. Í kjölfar útboðs yfirtók Drífa ehf. rekstur beggja verslana í júní 2021.

Aðrar tekjur þjóðgarðsins eru af veiðileyfum, tjaldsvæðum og aðgangseyrir að sýningunni „Hjarta lands og þjóðar“. Þá hefur þjóðgarðurinn fastar tekjur af rekstraraðila í formi mánaðarlegrar húsaleigu og hlutfalls af veltu sem gerð er upp ársfjórðungslega fyrir árin 2022-2025.

Framlög og styrkir til þjóðgarðsins voru auk ríkisframlags til rekstursins á fjárlögum styrkir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða upp á 6,6 millj. kr. árið 2017. Árið 2020 fékk þjóðgarðurinn sérstakt framlag vegna Covid-19 faraldursins frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu upp á 29 millj. kr. til að ráða sumarstarfsmenn. Tekjur af lóðarleigu drógust saman á árunum 2020-2021 vegna lækkunar á fasteignamati og hlutfalli á lóðarleigu úr 6% í 4%. Á árinu 2021 fékk þjóðgarðurinn styrk frá atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu í þrjú verkefni samtals 19,5 millj. kr. og voru 7 millj. greiddar við upphaf verksins en það sem á vantar verður greitt við verklök 2022. Verkefnin sem um ræðir eru uppfærsla á vef þjóðgarðsins, gagnvirk margmiðlun á Búðarstíg, „Þingvellir árið 1000“ og til að setja upp fræðsluskilti við bíla.

Helstu útgjaldaliðir

Stærsti útgjaldaliður þjóðgarðsins á Þingvöllum er launakostnaður. Árið 2020 fækkaði starfsmönnum þegar hætt var verslunarrekstri í gestastofunni á Hakinu í september og í ljósi aðstæðna í heimsfaraldrinum og með færri heimsóknum ferðamanna var öllum landvörðum sagt upp störfum í janúar 2021. Endurráðið var í landvarða- og verkamanna-störf á vormánuðum 2021.



Snjómokstur og losun á sorpi og seyru eru einnig drjúgur útgjaldaliður og sama er að segja um aðkeypta þjónustu sem er tölvu- og kerfisfræðiþjónusta, sími og ýmis leigu-gjöld auk annarrar sérfræðiþjónustu. Undir gjaldaliðinn húsnæði falla fasteignagjöld, tryggingar, rafmagn, verkkaup og byggingavörur. Annar rekstrarkostnaður eru ýmsar rekstrarvörur og annar kostnaður við reksturinn. Bifreiðar og vélar eru bílaleigubílar, brennslufni, tryggingar og skattar, verkstæði og varahlutir. Afkomuspá árið 2021 er byggð á rauntölum fyrstu 10 mánaða ársins.

Sundurliðun á útgjöldum

Gjöld	2017	2018	2019	2020	2021*
Launakostnaður	320.083.495	353.665.768	340.513.851	238.832.919	162.000.000
Snjómokstur /sorp og seyra	36.575.881	33.385.265	33.836.770	14.284.773	18.000.000
Aðkeypt þjónusta	67.260.787	79.848.015	117.742.571	58.189.772	59.000.000
Húsnæði	112.180.320	77.946.876	90.403.446	50.258.999	41.000.000
Annar rekstrar- kostnaður	47.650.655	4.430.488	23.989.155	20.229.397	7.700.000
Bifreiðar og vélar	23.943.058	20.914.386	22.362.132	14.927.050	11.800.000
Samtals	607.696.213	570.192.816	628.849.944	396.724.930	299.500.000

*Áætlun



Gestir streyma í Þjóðgarðinn haustið 2019.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur ekki farið varhluta af heimsfaraldrinum Covid-19 og því voru miklar sviptingar í starfsmannamálum á árunum 2017 til 2021. Þetta kemur glöggt fram í ársverkum en árið 2018 voru ársverkin orðin 38,5. Í lok ársins 2020 og í byrjun 2021 var tala starfsmanna hins vegar komin niður í 5. Starfsfólk er flest á sumrin og til sumarstarfa 2021 voru ráðnir 12 landverðir og 6 verkamenn sem unnu á vöktum.

Dagleg störf

Daglega eru 4-5 landverðir á vakt í Þjóðgarðinum en það er breytilegt eftir árstíðum. Landverðir starfa við upplýsingaborð í gestastofunni á Haki þar sem fjölda gesta er á hverjum degi leiðbeint um hvernig best er að haga ferðum innan Þjóðgarðsins og um frekari ferðalög. Við Silfru hafa landverðir efirlit með svæðinu, gestum þess og fyrirtækjum sem þar starfa og í þinghelginni sinna þeir kirkju, fánum og öðrum innviðum auk þess að svara spurningum gesta. Á tjaldstæðinu við Leirar sjá þeir um upplýsingagjöf, annast eftirlit og hreinsun og innheimta gjöld. Á sumrin sinna þeir veiðieftirliti meðfram strandlengjunni innan Þjóðgarðs og sjá um að farið sé eftir reglum. Landverðir fara einnig í fræðslugöngur með bæði innlenda og erlenda gesti. Göngurnar eru fjölbreyttar og miða að því að miðla menningu og náttúru Þjóðgarðsins.

Í Þjóðgarðinum starfa einnig verkamenn sem sinna ýmsu daglegu viðhaldi, þrifa rusl og salernishús og á sumrin bætast við ýmis viðvik sem tengjast viðhaldi girðinga og margbreytilegum öðrum verkefnum.

Áhrif Covid-19 á fjölda ferðamanna

Covid-19 heimsfaraldurinn hafði umtalsverð áhrif á starfsemi Þjóðgarðsins. Þingvellir eru einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins og má ætla að um 80% ferðamanna sem koma til landsins, heimsæki Þingvelli.



Á skömmum tíma, á fyrri hluta árs 2020, breyttist Þjóðgarðurinn á Þingvöllum úr því að vera þéttsetinn ferðamönnum niður í fáfarinn stað með örfáa gesti á dag. Frá því í lok árs 2017 hafa verið gönguteljarar á tveimur stöðum í þinghelgi þjóðgarðsins. Tölur úr þeim gefa góða mynd af þeirri breytingu sem varð á umferð gangandi um þjóðgarðinn á skömmum tíma. Ein helsta birtingarmynd breytinganna sést á því að árið 2020 var febrúar sá mánuður sem flestir sóttu Þingvelli heim en til þess tíma hafði þessi stysti mánuður ársins verið þekktur fyrir fremur lágar heimsóknartölur.

Vorið 2020 nutu skólahópar þess að upplifa þingstaðinn í fámenni og sama má segja um gesti sem komu til Þingvalla það sumar. Starfsfólk þjóðgarðsins hélt áfram að bregðast hratt við öllum takmörkunum sem settar voru þá um haustið og því dróst starfsemi aftur saman. Vegna faraldursins var umferð gesta áfram róleg veturinn 2020-2021 og það var ekki fyrir en í maí og í lok júní 2021, þegar ferðatakörkunum var aflétt í ríkari mæli, að merkjanleg aukning varð á fjölda gesta. Vissu hámarki var náð í ágúst 2021 og á haustmánuðum hefur gestafjöldinn verið nokkuð stöðugur sem gæti gefið ákveðnar vísbendingar um framhald ferðaþjónustunnar.

Polmarkagreining vegna köfunar í Silfru

Gestum sem stunda köfun og yfirborðsköfun í Silfru hefur fjölgað mikið undanfarin ár og hefur það aukið álag á náttúru og innviði svæðisins auk þess sem alvarleg slys hafa orðið í og við Silfru á liðnum árum. Í lok maí 2019 skilaði verkfræðistofan Efla þolmarkagreiningu vegna köfunar og yfirborðsköfunar í Silfru sem unnin var að ósk stjórnenda þjóðgarðsins.

Árið 2018 var fjöldi þeirra sem kafaði í Silfru um 62 þúsund og hafði fjölgað úr rúmlega 19 þúsundum árið 2014. Ráðist hefur verið í ýmsar aðgerðir til að bregðast við þessari þróun og ná betur utan um starfsemina. Innviðir hafa verið styrktir til að koma í veg fyrir umhverfisrask og eftirlit verið aukið. Komið hefur verið á gjaldtöku, aðgangsstýringu



Verslunar- og veitingarekstur í Þjóðgarðinum var boðinn út 2020 og er nú í umsjá Drífu ehf.

breytt og Samgöngustofa hefur gefið út reglur um köfun og yfirborðsköfun í Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Verkefni Eflu var að meta starfsemina í Silfru og þolmörk hennar á heildstæðan hátt. Niðurstaða þolmarkagreiningar var sú að miðað við fyrirliggjandi gögn væru ekki augljós merki um að þolmörkum svæðisins hefði verið náð og jafnvel væri hægt að fjölga gestum í köfun lítilla innan gildandi notkunarmynsturs. Forsenda þessarar niðurstöðu var að aðgangsstýring yrði áfram með því sniði sem þá hafði verið í þróun þannig að komið yrði í veg fyrir miklar biðraðir við Silfru. Hins vegar voru vísbendingar um neikvæð áhrif starfseminnar, t.d. á umhverfi, bæði í og við Silfru, en skortur á gögnum hamlaði því að hægt væri að meta áhrif allra þátta að svo stöddu. Í niðurstöðum greiningarinnar var því talið skynsamlegt að afla frekari gagna og að heimila ekki teljandi fjölgun gesta í Silfru á meðan hún færi fram.

Verslunar- og veitingarekstur boðinn út

Vegna gjörbreyttra aðstæðna í kjölfar Covid-19 faraldursins var ljóst vorið 2020 að grundvöllur undir verslunar- og veitingarekstri Þjóðgarðsins var brostinn. Þingvallanefnd ákvað á fundi 28. maí 2020 að bjóða út sameiginlega til eins rekstraraðila allan verslunar- og veitingarekstur á Hakinu og í þjónustumiðstöðinni á Leirum. Rekstri verslana var hætt í þjónustumiðstöð og í gestastofu á Haki og öllu starfsfólki sagt upp frá og með 1. júní 2020. Þjónustumiðstöðin var þó rekin áfram með breyttum opnunartíma þar til nýr rekstraraðili tók við í júní 2021. Vorið 2021 var útboð auglýst og bærust þrjú tilboð og var tilboð Drífu ehf. tekið í verslunar- og veitingareksturinn. Samningur við Drífu ehf. er til þriggja ára með möguleika á að framlengja samninginn tvisvar um eitt ár. Rekstur Drífu á Þingvöllum samkvæmt skilyrðum útboðsins hófst svo 15. júní 2021 og var hluti starfsmanna sem misst höfðu vinnuna endurráðinn.

Innheimtuckerfi fyrir bílastæði boðin út

Í byrjun árs 2020 var boðinn út rekstur á kerfi til að innheimta bílastæðagjöld í Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Ríkiskaup unnu útboðslýsingu í samstarfi við Þjóðgarðinn sem byggist á myndgreiningu bílnúmera og felur í sér lágmarksþörf fyrir mannafla til að reka einfalt og skilvirkt innheimtuckerfi. Sjö tilboð bárust og var gengið að tilboði Verkís ehf. og tóku þeir við rekstri kerfisins í maí sama ár.

Fjölbreytt samstarf og samráð

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum leitar í fjölmörgum verkefnum að sérfræðipækkingu hjá öðrum stofnunum og samstarfsaðilum. Þrátt fyrir sérstöðu Þjóðgarðsins hvað varðar stjórnsýslu og fjölda ferðamanna eru fjölmargir snertifletir á milli tengdra stofnana og upplýsingaflæði gott á milli þeirra. Reglulegt samráð er við sveitarfélagið Bláskógabyggð og þá sérstaklega um skipulags- og byggingarmál innan Þjóðgarðsins. Af öðrum helstu samstarfsaðilum má nefna Minjastofnun Íslands, Framkvæmdasýslu ríkisins, Ríkiskaup, Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarð svo fáeinir samstarfsaðilar séu nefndir.

Minjastofnun Íslands

Reglulegt samráð og fundir eru með starfsfólki stofnunarinnar og þá sérstaklega með Minjaverði Suðurlands sem iðulega er kallaður til ef meta þarf aðstæður vegna framkvæmda og vegna annarra álitamála sem snerta fornleifar í Þjóðgarðinum.

Framkvæmdasýsla ríkisins

Frá árinu 2017 hefur Framkvæmdasýslan haft umsjón með öllum stærri framkvæmdum innan Þjóðgarðsins. Þar ber helst að nefna stækkun gestastofunnar á Hakinu (2018), framkvæmd við 270 bílastæði vestan við Hakið (2018) og uppbyggingu salernishúsa sem tekin voru í notkun vorið 2021.

Ríkiskaup

Ríkiskaup hafa í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins annast gerð útboða vegna stærri verklegra framkvæmda innan Þjóðgarðsins. Hér má sem dæmi nefna útboð vegna gestastofu og sýningar í gestastofu auk salernishúsa. Ríkiskaup vann einnig útboð á innheimtuckerfum vegna bílastæða sem opnað var vorið 2020.

Starfsmenn Þjóðgarðsins
og minjavörður
Suðurlands beittu
sláttuorfi í fyrsta skipti í
Almannagjá sumarið 2017
til að slá gras og sinu á
þingbúðarrúst skammt
norðan við Lögberg.
Tilgangurinn var að draga
athygli að rústum sem
finna má víða um
þingstaðinn forna.





Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur og samstarfskona hennar Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir taka jarðvegssýni í Þjóðgarðinum.

Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarður

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur verið í góðu samstarfi við Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarð frá árinu 2017. Reglulega eru haldnir samráðsfundir um verkefni sem þessar þrjár stofnanir eru að fást við. Stofnanirnar hafa m.a. átt samstarf um mannauðs- og samningamál en af öðrum samstarfsverkefnum má nefna undirbúning að samræmdum fatnaði og merkingum á fatnaði sem unnið hefur verið að. Þá hafa stofnanirnar átt samstarf við mat á ástandi fjölsótttra ferðamannastaða.

Fornleifarannsóknir

Undanfarin ár hefur staðið yfir umfangsmikil fornleifaskráning innan marka Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Vinnunni hefur verið að stýrt af Margréti Hrönn Hallmundsdóttur fornleifafræðingi í góðu samstarfi við Þjóðgarðinn og Minjastofnun. Farið hefur verið yfir helstu mannvistarsvæði allt frá Þingstaðnum forna yfir í Þingvallahraun og hafa flest þekkt mannvistarsvæði í Þjóðgarðinum verið skráð. Árið 2019 fékkst styrkur frá Fornminjasjóði til að vinna að frágangi fornleifaskráningar í Þjóðgarðinum.

Í þinghelginni komu í ljós fleiri minjar en áður voru skráðar. Meðal annars var staðfest að 30 metra löng rúst ásamt fleiri húsum er að finna á Miðmundartúni sunnan við Þingvallabæinn. Borkjarnarannsókn í Miðmundartúni og tilraunir með nýjum búnaði við fjarkönnun á svæðinu gafst mjög vel og staðfestu útlínur byggingarinnar. Líkur eru á að um sé að ræða mjög stóran skála sem er líklega meðal elstu minja um búsetu á Þingvöllum.

Gunnar Grímsson fornleifafræðingur og fyrrum landvörður á Þingvöllum hefur unnið með Margréti og starfsmönnum Þjóðgarðsins að skráningunni síðan 2017 og notað dróna til að myndmæla og leita að fornminjum. Þannig hafa fengist mjög skýrar vísbendingar um staðsetningu fornra eyðibýla sem getið er um í gömlum heimildum en nákvæm staðsetning þeirra hefur ekki verið ljós. Eftir ítarlega skoðun á myndum úr drónum voru gerðar borkjarnarannsóknir á fjórum stöðum sem staðfestu að um eyðibýli er að ræða.

Drónar hafa nýst vel til að finna fornleifar í Þjóðgarðinum. Hér er Gunnar Grímsson fornleifafræðingur með einn slíkan.





Guðmundur
Kjartansson
landvörður mundar
sópinn þegar lögð
var ný stétt við
gestastofuna.

Ný gestastofa á Haki

Gestastofan á Hakinu er sá staður í þjóðgarðinum þar sem flestir ferðamenn hefja heim-sóknir sínar. Upphafleg gestastofa á Hakinu markaði þáttaskil í móttöku gesta í þjóðgarðinum en hún var reist árið 2002 og var þá 212 m² að flatarmáli. Eftir því sem gestum fjölgaði kom í ljós að aðstaðan annaði varla þeim sívaxandi fjölda sem lagði leið sína í þjóðgarðinn auk þess sem vilji var til að auka og bæta enn frekar fræðslu um land og sögu staðarins og þjónustu við gesti. Frá 2008 var reglulega rætt um nauðsyn þess að styrkja aðstöðu til móttöku í þjóðgarðinum með því að stækka gestastofuna á Haki. Framkvæmdir við nýbygginguna hófust á haustmánuðum 2016 og stóðu yfir í tæp tvö ár þar til ný og glæsileg gestastofa var formlega opnuð 18. júlí 2018.

Með stækkun gestastofunnar á Haki stórbatnaði aðstaða til móttöku gesta en það hefur verið langtímastefna Þingvallanefndar að skapa betri aðstöðu til móttöku ferðamanna fyrir ofan Almannagjá. Nýbyggingin, sem er vestan við eldri gestastofu, er ásamt tengigangi við eldra hús um 1.057 m² að stærð. Í henni er nýr aðalinngangur, fjölnotasalur sem getur meðal annars verið fyrirlestra- eða kvikmyndasalur, kennslustofa, fundarherbergi og skrifstofa, en í stærsta hluta byggingarinnar er sýningarsalur þar sem sett hefur verið upp glæsileg og fjölbreytt sýning um sögu Þingvalla og náttúru. Við hönnun sýningarinnar var lögð áhersla á að skapa upplifun sem stæðist samanburð við fremstu sýningar hérlandis og erlendis. Eldri hluti gestastofunnar var endurinnréttaður og þar er nú veitingasala og verslun.

Hönnuðir nýbyggingarinnar eru Gláma/Kím arkitektar ehf. en Landslag ehf. hannaði lóð. Verkfræðistofan Mannvit hf. sá um verkfræðihönnun og verkfræðistofan Efla hf. veitti ráðgjöf vegna BREEAM vottunar. Þarfaþing hf. og verktakar á þeirra vegum önnuðust framkvæmdir en umsjón og eftirlit var hjá Framkvæmdasýslu ríkisins en Verkís ehf. sá um byggingarstjórn og hafði umsjón með eftirliti. Hugmynd og útfærsla sýningar var í höndum Gagarín ehf. í samvinnu við starfsfólk þjóðgarðsins.

Áætlaður kostnaður við nýbyggingu gestastofunnar á Haki er um 672 millj. kr. og kostnaður vegna nýrrar sýningar er 355 millj. kr. Samhliða byggingu gestastofu og uppsetningu nýrrar sýningar var unnið að gerð 270 nýrra bílastæða vestan við gestastofuna og nýrri gönguleiðatengingu að gestastofu. Eldri bílastæði voru löngu sprungin og var bílum lagt í vegöxlum alla leið upp að þjóðvegi.

BREEAM vottun

Gestastofa þjóðgarðsins á Haki ofan Almannagjár er ein af fyrstu byggingum hér á landi sem hlotið hefur fullnaðarvottun BREEAM (Building Research Establishment Environmental Assessment Method). Vottunin staðfestir að byggingin uppfyllir staðla um vistvæna hönnun samkvæmt alþjóðlega viðurkennda vottunarkerfinu BREEAM. Markmið BREEAM vistvottunar er að hanna og reisa byggingar sem hafa minni umhverfisáhrif, eru heilsusamlegri fyrir notendur og þurfa minna viðhald en hefðbundnar byggingar.

Hjarta lands og þjóðar – verðlaunasýning um 1000 ára sögu Þingvalla

Í gestastofu var opnuð ný sýning, „Hjarta lands og þjóðar,“ sem segir þúsund ára sögu Þingvalla um leið og gerð er skilmerkileg grein fyrir náttúru og stórbrotinni jarðfræði svæðisins. Gagnvirk tækni er nýtt við stóran hluta sýningarinnar og geta gestir skyggst inn í forna Lögréttnu, leitað fornleifa og horft til framtíðar. Sýningin er áhugaverð ferð um sögu Þingvalla um leið og hún veitir einstaka innsýn í náttúru staðarins þar sem flest skilningarvit eru virkjuð. Sýningin hlaut tvenn Red Dot hönnunarverðlaun árið 2019, annars vegar fyrir upplýsingahönnun og hins vegar fyrir viðmótshönnun og notendaupplifun. Hönnun sýningarinnar var í höndum Gagarín, Glámu-Kím arkitekta og Origo. Sýningarstjórn var í höndum Þórunnar Sigríðar Þorgrímsdóttur. Texti var unnin af Álfheiði Ingadóttur, Bryndísi Sverrisdóttur og Torfa Stefáni Jónssyni.



Gestir skoða gagnvirka skýringarmynd af Lögréttnu á sýningunni Hjarta lands og þjóðar.



Gjábakkavegur

Þingvallavegur (36), oft nefndur Gjábakkavegur, frá þjónustumiðstöðinni á Leirum að tengingu við Vallaveg, var formlega opnaður 16. september 2019 eftir gagngerar endurbætur. Vinna við veginn hafði staðið í hartnær tvö ár og fór fram í góðu samráði og samstarfi við starfsmenn Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Ástand vegarins var slæmt, slitlag ónýtt og undirbygging orðin mjög léleg. Þá voru vegfláar of brattir sem skapaði hættu auk þess sem vegurinn var mjór og erfitt fyrir rútur að mætast.

Umferð um veginn hefur aukist verulega á undanförunum árum. Árið 2010 fóru um 430 bílar á sólarhring um veginn en árið 2020 varð umferðin mest um 2.000 bílar á sólarhring sem er 365 % aukning. Gert er ráð fyrir að eftir 25 ár verði umferðin allt að 4.000 bílar á sólarhring.

Samhliða opnun endurbættis Gjábakkavegar var Vallavegur gerður að botnlanga, en hann var nýttur sem hjáleik meðan á framkvæmdum stóð. Mikilvægt var að raska sem minnstu við framkvæmdina og því var veginum lokað til að verktaki gæti unnið af gamla veginum sjálfum. Gróðurinn sem þurfti að fjarlægja var settur upp á veginn til geymslu á meðan unnið var við breikkun hans. Síðan var gróðrinum komið fyrir í nýjum vegfláa. Þessi aðgerð var vel undirbúin í samstarfi við Landbúnaðarháskólann sem vann gróðurfarskýrslu um gróðurinn á svæðinu.

VSÓ ráðgjöf sá um hönnun vegarins, Þjótandi á Hellu um framkvæmdina og Mannvit hafði umsjón með framkvæmdum. Framkvæmdadeild Vegagerðarinnar sá um verkefnastýringu og umsjón í góðu samráði við starfsmenn Þjóðgarðsins.



Nýtt bílastæði og veglegur útsýnispallur austan við Hrafnagjá voru tekin formlega í notkun sumarið 2020.

Nýr útsýnisstaður við Hrafnagjá

Við endurgerð Þingvallavegar frá Þjónustumiðstöð á Leirum að Arnarfelli var ákveðið að loka fjölmörgum litlum bílastæðum til að tryggja umferðaröryggi enn frekar. Í staðinn voru útbúin nokkur stærri bílastæði. Einu þeirra var valinn staður á barmi Hrafnagjár austan megin í sigdældinni en þaðan blasir við einstakt útsýni frá austri til vesturs. Landslag ehf. hannaði útsýnispallinn en Andri Þór Gestsson annaðist framkvæmdina. Pallurinn var tekinn formlega í notkun í blíðskaparveðri 1. júlí 2020 að viðstöddu fjölmenni.

Græn skref

Undanfarin misseri hefur verið unnið að því að Þjóðgarðurinn á Þingvöllum uppfylli Græn skref í ríkisrekstri en það ber að gera fyrir árslok 2021. Fyrsta skrefið var stigið í desember 2020 og í október 2021 hafði þjóðgarðurinn uppfyllt fjögur skref af fimm. Þjóðgarðurinn hefur sett sér loftslagsstefnu en samkvæmt henni er stefnt að kolefnishlutleysi starfseminnar árið 2030. Vinna við græn skref er viðvarandi verkefni sem haldið verður áfram með á næstu árum.

Bætt hreinlætisaðsstaða

Vegna mikillar fjölgunar ferðamanna á Þingvöllum var knýjandi þörf að bæta aðstöðu þeirra á svæðinu, sér í lagi snyrtiaðstöðu í þinghelginni neðan Almennagjár en þar voru engin almenningssalerni. Deiliskipuleggja þurfti nýja reiti á tveimur fjölförnum svæðum þar sem fyrirhugað var að koma fyrir viðbótar salernishúsum. Annars vegar við Kastala norðan í þinghelginni en þar er rútustæði og hins vegar á Valhallarreitnum. Þá var bætt við salernishúsi á Hakinu til að létta álagi af salernum við gestastofuna.

Útlit, hæð og yfirbragð salernishúsanna tekur mið af núverandi og fyrirhuguðum byggingum á Hakinu. Samtals eru nú 49 salerni í þinghelginni en alls eru 73 salerni í þjóðgarðinum. Salernishúsin voru hönnuð af Glámu•Kim, Vörðufell á Selfossi sá um verkframkvæmdir en Framkvæmdasýsla ríkisins annaðist eftirlit.



Snemma sumars árið 2021 voru þrjú ný salernishús tekin í notkun í Þjóðgarðinum; við P5 þar sem Valhöll stóð áður, við P2 við enda Almannagjár og við ný bílastæði á Haki.

Frárennslismál

Í Þjóðgarðinum á Þingvöllum fer nær allt skólp í rotþrær eða safntanka í samræmi við lög og reglur um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Þar sem notkun salerna í Þjóðgarðinum er mjög mikil þarf að fá dælubíla reglulega til að tæma rotþrær og safntanka í Þjóðgarðinum. Seyrunni er ekið út fyrir vatnasvið Þingvallavatns til förgunar. Þannig var magn seyrur sem flutt var frá Þingvöllum árið 2017, tæplega 1,5 milljón lítra en það ár var fjöldi gesta á Haki rúmlega 1,5 milljón. Árið 2020 þegar ferðamönnum hér á landi hafði fækkað mikið vegna heimsfaraldurs Covid-19 var heildarmagn seyrur 400.000 lítrar. Það ár komu tæplega 350 þúsund gestir á Hakið.

Ljósleiðari og endurbætur á raforkukerfi

Frá árinu 2017 hefur verið unnið að endurbótum á háspennustrengjum frá Nesjum í Grafningi að Skálabrekku vestan Þjóðgarðsins. Verkefnið fólst í að auka raforkuöryggi með því að plægja háspennulínur í jörð. Í kjölfarið voru plægðir um 8 km af 11 kV háspennustreng í jörðu frá Skálabrekku að gestastofu á Haki og þaðan áfram að Þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum. Við þessa breytingu jókst afhendingaröryggi rafmagns í Þjóðgarðinum til mikilla muna. Verkefnið var í höndum Rarik en unnið í góðu samstarfi við Þjóðgarðinn.

Samhliða háspennustrengnum var lagt ljósleiðararör og haustið 2021 var komin ljósleiðaratenging við Þingvelli sem skiptir miklu máli fyrir rekstraröryggi netkerfa Þjóðgarðsins. Ljósleiðarinn er í eigu Bláskógaljós, fyrirtækis í eigu Bláskógabyggðar, en það annast lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu. Bláskógaljós gerði samning við Þjóðgarðinn á Þingvöllum um aðstöðu fyrir fjarskiptaskáp og fjarskiptabúnað í gestastofunni á Haki.

Uppbygging hleðslustöðva

Haustið 2019 var undirritaður samningur við Orku Náttúrunnar um koma upp 50 kw hraðhleðslustöð og millihleðslustöð í Þjóðgarðinum. Hraðhleðslustöðin er við Þjónustumiðstöðina á Þingvöllum rétt við Þjóðveg 36 og því auðvelt að komast að henni. Stefnt er að því að fjölga millihleðslustöðvum við Hakið og neðan við Almannagjá til að eigendur rafbíla geti hlaðið bíla sína yfir lengri tíma á meðan þeir njóta útivistar á Þingvöllum.



Bíll í hleðslu við Þjónustumiðstöðina á Leirum.



Búðastígur

Haustið 2020 hófust framkvæmdir við 425 m langan göngustíg frá Valhallarreit að tröppum sunnan við Lögberg. Á stórum hluta svæðisins er að finna merkar búðaminjar og aðrar fornleifar sem vegna slæms aðgengis og lélegs göngustígs hafa verið fáfarnari en mörg önnur svæði í þinghelginni. Við hönnun þessa nýja stígs þurfti að taka tillit til mjög hárrar grunnvatnsstöðu auk þess sem Öxará flæðir reglulega inn á svæðið. Til að tryggja að grunnvatn hefði ekki áhrif og að fornleifum yrði ekki raskað var stígurinn hannaður sem 2 m breiður „fljótandi“ timburstígur sem er lyft yfir gróður svæðisins og lagður umhverfis minjarnar. Á völdum stöðum eru útskot og áningarstaðir með upplýsingaskiltum. Með búðastígnum verður innsti hluti þinghelginnar í fyrsta sinn öllum aðgengilegur, þar á meðal þeim sem nota hjólastóla. Auk upplýsingaskilta er í undirbúningi að á stígnum verði hægt að nálgast margmiðlunarlausn fyrir síma sem gerir gestum kleift að ferðast í huganum aftur til ársins 1017. Það var Landslag ehf. sem hannaði stíginn og Andri Þór Gestsson verktaki og byggingameistari sá um framkvæmdina.


Skíðaganga í Þjóðgarðinum

Í febrúar 2019 voru troðnar skíðagöngubrautir um Þjóðgarðinn. Skíðabrautirnar voru lagðar um megingöngustíga sem liggja meðal annars út í Þingvallahraun og í Skógarkot og Hrauntún. Mikil ánægja var með framtakið en stefnt er að því að halda áfram að troða brautir þegar aðstæður leyfa.

Stormur og vindbrot

Í desember 2019 reið verulega djúp lægð yfir landið með hvassri norðanátt, ofankomu og skafrenningi. Fennti yfir vel flesta innganga Þjóðgarðsins. Það snjóaði inn í loftræstikerfi gestastofu á Haki með þeim afleiðingum að stokkurinn gaf sig og kallaði á töluverða viðgerð. Ennfremur lagðist snjórinn þungt á allan gróður og tré í Þjóðgarðinum.

Horft norður eftir Búðastíg en á þessu svæði er að finna einna flestar búðarústir í Þjóðgarðinum.



Skíðagöngubraut í Þjóðgarðinum.



Heilmikill snjór hlóðst upp við alla innganga í desemberveðrinu 2019.



ÖRYGGISMÁL

Hlúð að slösuðum ferðamanni.

Landverðir og annað starfsfólk bregst reglulega við atvikum og slysum innan þjóðgarðsins.

Slysa- og óhappaskráning

Starfsfólk Þjóðgarðsins á Þingvöllum hefur frá árinu 2018 skráð slys og óhöpp á sérstakt eyðublað sem vistað er í gagnagrunni þjóðgarðsins. Þannig hafa stjórnendur góða yfirsýn yfir þau atvik sem síðan hafa orðið. Í atvikaskráningunni kemur fram hvað gerðist, hvar það gerðist og hver viðbrögð við atvikinu voru. Slysa og óhöpp sem orðið hafa í þjóðgarðinum frá 2017 hafa verið misalvarleg en flest minniháttar, svo sem rispúr og hrúfl, tagnanir og stöku beinbrot. Þó hafa orðið alvarleg slys. Í upphafi árs 2017 urðu tvö banaslys í Silfru. Í kjölfar síðara banaslyssins, í mars 2017, var gjánni lokað tímabundið og reglur um köfun og yfirborðsköfun hertar. Mikil áhersla er lögð á öryggismál og reglulega er fundað með ferðaþjónustuaðilum sem starfa við Silfru.

Áhersla á fyrstu hjálp

Reglulega býður þjóðgarðurinn starfsmönnum að sækja skyndihjálparnámskeið. Oftar en ekki eru þau haldin í samstarfi við reynda sjúkraflutningamenn og sniðin að þeim aðstæðum sem geta skapast í þjóðgarðinum. Komið hefur verið upp hjartastuðtækjum og öðrum skyndihjálparbúnaði á völdum stöðum. Starfsfólk fær kennslu á búnaðinn á skyndihjálparnámskeiðum sem haldin eru á vegum þjóðgarðsins.

Björgvinsbelti

Björgvinsbeltum var komið fyrir meðfram strandlengju Þingvallavatns vorið 2017. Þeim var einnig komið fyrir við Drekkingsarhyl, Nikulásargjá og Silfru. Beltin sem sett voru upp í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg munu auka öryggi gesta. Þau eru meðfærilegri og öruggari í notkun en hefðbundnir björgunarhringir.

Öryggishandbók

Árið 2018 var ráðist í gerð öryggishandbókar fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum. Utanaðkomandi fagaðilar voru fengnir til aðstoðar sem lögðu áherslu á að starfsfólk þjóðgarðsins kæmi að mati á áhættuþáttum þar. Haldnar voru vinnustofur undir stjórn Víðis Reynissonar yfirlögregluþjóns þar sem starfsmenn þjóðgarðsins unnu í hópum að margvíslegum áhættugreiningum.

Björgvinsbelti voru sett upp meðfram strönd Þingvallavatns 2017.





Sjúkraflutningamenn SSH höfðu vel búinn viðbragðsbíl til afnota í þjóðgarðinum.


Samið um öryggis- og viðbragðsþjónustu

Í byrjun júní 2018 var skrifað undir samning milli Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Þjóðgarðsins á Þingvöllum um öryggis- og viðbragðsþjónustu sjúkraflutningamanna HSU í þjóðgarðinum. Markmið samningsins var að auka öryggi og þjónustu við gesti þjóðgarðsins, þjálfa starfsmenn og styttu viðbragðstíma sjúkraflutninga í þjóðgarðinum og í nágrenni hans. Reynslan af samstarfinu var góð og skilaði sér m.a. í bættu öryggi og traustari þjónustu á annasömu svæði með miklum fjölda ferðamanna. Samstarfið við HSU um öryggis- og viðbragðsþjónustu stóð fram á mitt ár 2020. Vegna heimsfaraldurs Covid-19 og með fækkun ferðamanna og minnkandi sértekjum þjóðgarðsins voru ekki forsendur til að halda þessu samstarfi áfram. Með fjölgun ferðamanna verður horft til þessa verkefnis á nýjan leik.

Ófærð og lokanir vega

Undanfarin ár hefur verið full vetrarþjónusta með snjórúðningi og söltun alla daga vikunnar á Mosfells- og Lyngdalsheiðum ef undanskildir eru nokkrir dagar á leiðinni upp með Sogi. Þrátt fyrir það kemur fyrir að loka þarf vegum. Frá og með vetrinum 2017-2018 hefur þurft að loka 34 sinnum fyrir umferð yfir Mosfells- og Lyngdalsheiðar. Slíkar lokanir hafa augljóslega áhrif á komu gesta til Þingvalla en einnig á ferðir starfsfólks til og frá vinnu á Þingvöllum. Undanfarin ár hafa þessar lokanir gilt fram eftir degi eða í mesta lagi fram á kvöld og því hefur starfsfólk ekki orðið innlyksa yfir nótt. Þjónustumiðstöðin á Leirum og gestastofan á Haki eru skilgreindar sem söfnunarsvæði fyrir gesti þjóðgarðsins ef neyðarástand skapast. Gripið hefur verið til þess skipulags, til dæmis þegar fjöldi fólks hefur orðið innlyksa vegna ófærðar og lokunar vega og við stærri óhöpp eins og rútuslys.

Skjáskot Vegagerðarinnar sýnir ófærð á vegum til og frá Þingvöllum.





*Fróðleiksfúsir
Íslendingar flykkjast í
fimmtudagsgöngur á
Þingvöllum.*

Metnaðarfull fræðsludagskrá

Ár hvert stendur Þjóðgarðurinn á Þingvöllum fyrir metnaðarfullri fræðslu. Skipulögð dagskrá er lögð fram í upphafi sumars með aðkomu bæði gestafyrirlesara og landvarða. Landvarðagöngur hafa verið fastir liðir í Þjóðgarðinum og er boðið upp á ókeypis leiðsögn landvarða á ensku um þinghelgina alla morgna á sumrin. Fjöldi þátttakenda hefur verið mjög breytilegur eða allt frá 2-40 á dag en að meðaltali hafa verið 12 gestir í hverri göngu. Einnig er boðið upp á leiðsögn á íslensku um helgar og er þá gengið inn í sigdalinn og að eyðibýlunum í Þjóðgarðinum. Göngurnar fela í sér fjölbreytta upplifun af náttúru og sögu svæðisins.

Fimmtudagskvöld á Þingvöllum

Undanfarin sumur hefur verið haldið fast í þá hefð að fá valda gesti til að halda fyrirlestra og kvöldgöngur á fimmtudagskvöldum. Fyrirlestrarnir hafa verið fjölbreyttir að efni og framsetningu en í meirihluta þeirra má þó finna sögulega og bókmenntalega tengingu við Þingvelli. Sumarið 2020 var ákveðið að fresta öllum slíkum göngum vegna óvissu sem skapaðist í kjölfar Covid-19. Árið 2021 voru heldur færri gestafyrirlestrar en venjulega, eða sex miðað við 8-10 á hefðbundnu sumri. Fyrirlestrarnir voru þó mjög vel sóttir og má ætla að þá hafi hátt í 1000 manns sótt Þingvelli til að hlýða á fjölbreytt erindi.

*Guðni Ágústsson
fyrirverandi alþingismaður
og ráðherra er einn þeirra
sem hafa verið vinsælir
fyrirlesarar á
fimmtudagskvöldum á
Þingvöllum.*





Hópur bandarískra ferðamanna við Öxarárfoss á góðviðrisdegi.

Fjölbreyttir hópar

Það er fastur liður á Þingvöllum að taka á móti ýmsum hópum og eru það ýmist opinberar heimsóknir, fulltrúar innlendra og erlendra háskóla, heimsóknir stofnana, haustferðir eldri borgara og starfshópa. Hver móttaka er jafnan sérsniðin að þeim hópi sem tekið er á móti hverju sinni. Þannig eru Þingvellir orðnir fastur liður í dagskrá vissra námshópa bæði á háskóla- og framhaldsskólastigi. Þannig má nefna að Landbúnaðarháskólinn og leiðsöguskólar koma á hverju ári til að njóta fræðslu um starfsemi Þingvalla og framtíðarsýn. Þingvellir nýtast einnig í staðnámi á landvarðanámsskeiði Umhverfisstofnunar.

Hjólreiðakeppnir í þjóðgarðinum

Starfsfólk þjóðgarðsins hefur kappkostað að skapa þægilegar aðstæður fyrir ólíka hópa til að nýta garðinn á fjölbreyttan hátt. Meðal árlegra viðburða eru ein til tvær hjólreiðakeppnir þar sem hjólað er í gegnum þjóðgarðinn eða að hjólaður er svokallaður Þingvallahringur. Umferð og stýring er þá í höndum umsjónaraðila en þjóðgarðurinn tryggir svæði til nýtingar.

Friðun og fullveldi

Fyrir 1. desember 2018 var sýningin „Friðun og fullveldi“ í gallerígangi sýningarrýmisins en þar voru rakin tengsl þjóðgarðsins og sjálfstæðisbaráttunnar. Í byrjun árs og fram á vor 2020 var sett upp sýning með teikningum útskriftarnemenda Myndlistaskólans í Reykjavík eftir lýsingum sakamanna á 17. og 18. öld. eins og þær birtast í Alþingisbókunum fornu. Daníel G. Daníelsson sagnfræðingur vann lýsingarnar úr Alþingisbókum og Anna Cynthia Leplar deildarstjóri teiknideildar Myndlistaskólans var annar tengiliður verkefnisins. Þar fóru saman nákvæmar lýsingar á sakamönnum og skemmtilegar teikningar.

Snorrabúð

Snorrabúð, fyrirlestrarsalur þjóðgarðsins, hefur nýst vel til ýmissa viðburða frá því hann var tekinn í notkun 2018. Opnunarárið voru haldnar þar tvær stórar samkomur, önnur vegna Alþingishátíðarinnar og hin við formlega opnun gestastofunnar. Þá hélt Ólafur Örn



Jennifer Proctor frá
Þjóðgarðastofnun
Bandaríkjanna (NPS)
stýrir öryggisnámskeiði
í Snorrastofu 2019.



Haraldsson forseti Ferðafélags Íslands og fyrrverandi þjóðgarðsvörður fróðlegan gesta-
fyrirlestur í Snorrabúð um tilurð Konungsvegarins.

Snorrabúð nýttist einnig vel til ýmissa viðburða árið 2019. Þannig tók Vilhjálmur Árnason varaformaður Þingvallanefndar þar á móti hópi fyrrverandi alþingismanna og haldinn var kynningarfundur um lagfæringar Þingvallavegar austur úr þjóðgarðinum. Fluttir voru fróðlegir fyrirlestrar um verkið sjálft, sögulegt erindi um fyrri hugmyndir um vegstæði í þjóðgarðinum og um gróðurframvindu í öryggisfláa nýs vegstæðis. Þá var haldið málþing um fornleifaskráningu í þjóðgarðinum með þátttöku Margrétar Hrannar Hallmunds-
dóttur fornleifafræðings sem borið hefur hita og þunga af þeirri vinnu. Gunnar Grímsson fjallaði um notkun dróna við fornleifaskráningu og Kevin Smith fornleifafræðingur og sérfræðingur í neðansjávarminjum fjallaði um bátsflakið í Vatnsvíki. Í lok málþingsins gaf Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður Eyðisi Líndal Finnbogadóttur forstjóra Land-
mælinga gishnit fyrir öll örnefni í þjóðgarðinum.

Fræða- og listamannasetur
verður fljótlega opnað í
sumarhúsi í þjóðgarðinum.



Af öðrum viðburðum í Snorrastofu má nefna sameiginlegt tveggja daga námskeið í byrjun október á vegum þjóðgarðsins, Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs um öryggisáætlanir. Jennifer Procter, sérfræðingur í öryggismálum frá Þjóðgarðastofnun Bandaríkjanna var fengin í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið til að vera leiðbeinandi. Í lok október 2019 skipulögðu mennta- og menningarmálaráðuneytið og Heimsminjaskrifstofan í París ráðstefnu á Íslandi um heimsminjar á heimsskautasvæðum og var síðari hluti ráðstefnunnar haldinn í Snorrabúð á Þingvöllum. Loks má nefna að ráðuneyti, stofnanir og einstaklingar hafa leigt salinn til vinnufunda, starfs-
mannaferða og annars samkomuhalds.

Fræða- og listamannasetur

Ákveðið hefur verið að nýta gamalt sumarhús sem þjóðgarðurinn keypti fyrir nokkru sem fræða- og listamannasetur. Fræða- og listamönnum verður gefinn kostur á að leigja aðstöðuna á kostnaðarverði. Forgang munu þeir hafa sem vinna að verkefnum í fræða- og listsköpun sem tengjast þjóðgarðinum, menningu svæðisins og náttúru. Vonast er til að með þessu verði til gagnlegur og skemmtilegur vettvangur sem styrki tengingu þjóð-
garðsins við fræðasamfélagið og skapandi greinar.



SAMSTARF

33

Norrænt samstarf um heimsminjar

Í árslok 2021 voru 43 skilgreindir heimsminjastaðir á Norðurlöndum. Stjórnendur heimsminjastaða á Norðurlöndum hafa frá árinu 1995 átt samstarf um stjórnun og starfsemi þessara staða og frá árinu 2016 hafa verið til formleg samtök allra heimsminjastaða á Norðurlöndum. Í stjórn samtakanna sitja tíu fulltrúar, tveir frá hverju Norðurlandanna og var Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður á Þingvöllum kjörin formaður samtakanna á aðalfundi 2020. Með samstarfinu hefur orðið til öflugur vettvangur til að miðla reynslu og skiptast á skoðunum og góður grunnur að sameiginlegum verkefnum milli heimsminjastaða og til að koma á samskiptum á milli staða sem fást við svipaðar áskoranir. Þá tóku fulltrúar Þingvalla þátt í verkefni á vegum Heimsminjaskrifstofunnar í París sem fjallaði um aðferðafræði sjálfbærrar ferðaþjónustu á norrænum heimsminjastöðum.

Árið 2021 hóf þjóðgarðurinn samstarf við fimm norræna heimsminjastaði um hvernig nota megí sýndarveruleikataekni til að miðla menningar- og náttúruarfi. Verkefnið sem hófst haustið 2021 er til næstu þriggja ára og verður spennandi að nýta þessa nýju tækni til fjölbreyttari miðlunar.

Önnur norræn verkefni

Síðastliðin tvö ár hefur þjóðgarðurinn einnig tekið þátt í samnorræna verkefninu Sustainable Tourism in the North (Natnorth). Þar hafa margir ólíkir aðilar unnið í hópum við að kanna hvernig megí tryggja betur sjálfbærni í ferðamennsku. Allt eru þetta einstaklingar og stofnanir sem á einn eða annan hátt tengjast friðlýstum svæðum, stjórnun þeirra eða ferðaþjónustu. Tengslanet þjóðgarðsins hefur styrkst í gegnum norrænt samstarf. Flest svæði glíma við áþekkar áskoranir í keimlíku samfélagslegu og lagalegu umhverfi. Því skiptir máli að hafa tækifæri til að skiptast á hugmyndum, aðferðum og leiðum til stýringar og fræðslu á þessum stöðum.

Starfsfólk þjóðgarðsins tekur virkan þátt í norrænu samstarfi.



Vöktuninni er ætlað að leiða í ljós ástand vatnsins og mat á langtímabreytingum sem rekja má til mannlegrar starfsemi.

Vöktun Þingvallavatns

Árið 2020 tók Þjóðgarðurinn á Þingvöllum við umsjón með vöktun Þingvallavatns. Verkefnið er samstarfsverkefni Þjóðgarðsins á Þingvöllum, Landsvirkjunar, ON, Bláskóga-byggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps. Vöktunin felst meðal annars í efnavöktun, vöktun þörunga, hryggleysingja og í blaðgrænumælingum. Henni er meðal annars ætlað að leiða í ljós ástand Þingvallavatns, mat á langtímabreytingum á náttúrulegum aðstæðum og mat á langtímabreytingum sem rekja má til mannlegrar starfsemi. Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir er tengiliður verkefnisins fyrir hönd Þjóðgarðsins en Náttúrufræðistofa Kópavogs og Hafrannsóknarstofnun eru ráðgjafar verkefnastjórnar.

Samstarf um uppgræðslu

Árið 2021 fékk Þjóðgarðurinn styrk úr Landbótasjóði Landgræðslunnar til að hefja uppgræðslu á rofnum gróðursvæðum í vesturhluta Þjóðgarðsins. Um er að ræða um 25 hektara landsvæði milli Skógarhóla og Svartagils. Verktaki í sveitinni bar áburð og grasfræ á svæðið og varð strax sjáanlegur munur í lok sumars. Haldið verður áfram á sömu braut á næstu árum. Haustið 2021 studdi Þjóðgarðurinn einnig umsókn Landverndar til Norrænu ráðherranefndarinnar um styrk til rannsóknna á vistheimt á skilgreindum uppblásturs- og rofasvæðum innan Þjóðgarðsins. Um er að ræða samstarfsverkefni Landgræðslunnar, Landverndar og Þjóðgarðsins en afgreiðslu umsóknarinnar er að vænta á árinu 2022.

Samtök um sögutengda ferðaþjónustu

Þingvellir hafa verið aðili að Samtökum um sögutengda ferðaþjónustu allt frá stofnun þeirra 2006. Þátttaka í þeim er liður í að leggja aukna áherslu á sögu og menningu staðarins og að mynda tengsl við ólíka aðila í landinu. Með því hefur fulltrúum Þjóðgarðsins gefist tækifæri til að rækta betur samband við ólíka sögutengda staði og forna þingstaði. Þar gefst einnig tækifæri til að miðla áfram þeirri þekkingu og reynslu sem orðið hefur til á Þingvöllum, einum fjölsóttasta ferðamannastað landsins.

Varða – fyrirmyndaráfangastaðir

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var valinn ásamt fjórum öðrum stöðum á Íslandi einn af fyrirmyndar áfangastöðum á Íslandi til að taka þátt í þróun verkefnisins „Varða – Merkisstaðir Íslands“ sem er stýrt er af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hinir staðirnir eru Geysir, Gullfoss og Jökulsárlón. Að þessu tilefni var ráðist í nokkur ný verkefni til að tryggja betur aðgengi og innihaldsríka upplifun gesta þjóðgarðsins.

Árnesingalundi skilað

Fyrir 68 árum var Árnesingafélaginu í Reykjavík úthlutað landi í Þjóðgarðinum á Þingvöllum til afnota og skógræktar fyrir félagsmenn. Árið 2018 var samþykkt samhljóða til laga sem stjórn Árnesingafélagsins í Reykjavík lagði fyrir aðalfund félagsins um að landinu yrði skilað til þjóðgarðsins án allra skuldbindinga eða endurgjalds. Í byrjun júní kom stjórn félagsins á skrifstofu Þingvallanefndar og skilaði áður úthlutaðu landi og kom það í hlut Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvarðar að taka við reitnum, sem er vel við hæfi enda líklegt að afi hans Einar E. Sæmundsen, sem þá var skógarvörður, hafi komið að úthlutuninni árið 1953.

Samningur um Skógarhóla endurnýjaður

Samningur Þingvallanefndar og Landssambands hestamannafélaga (LH) um leigu fyrir aðstöðu á Skógarhólum var endurnýjaður til tíu ára í lok nóvember 2020. Skógarhólar hafa verið vettvangur hestamanna í áratugi og fjöldi reiðstíga sem liggja um Þjóðgarðinn á Þingvöllum eiga það sameiginlegt að tengjast Skógarhólum með einum eða öðrum hætti.



Það voru Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður, Eggert Hjartarson staðarhaldari á Skógarhólum og Lárus Ástmar Hannesson formaður LH sem undirrituðu samninginn.



Á hátíðarfundum Alþingis á Þingvöllum 18. júlí 2018 samþykkti þingheimur sameiginlega tillögu formanna stjórnsmálaflokkanna um verkefni í þágu barna og ungmenna, og um rannsóknir sem stuðla að sjálfbærni auðlinda hafsins og um nýtt hafrannsóknaskip.

Unnið að lagfæringum á göngustígum fyrir hátíðarfundinn 2018.



Hátíðarfundur Alþingis á hundrað ára fullveldisafmæli

Hefð er fyrir því að Alþingi minnst merkra tímamóta í sögu þjóðarinnar með því að funda á Þingvöllum. Þann 13. október 2016 samþykkti Alþingi tillögu formanna allra stjórnsmálaflokka, um að minnast skyldi aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands en árið 2018 voru hundrað ár liðin frá því að Ísland varð fullvalda ríki með sambandslögunum 1918. Meðal annars var ákveðið að halda hátíðarfund á Þingvöllum 18. júlí 2018, en þann dag 1918 var samningum íslenskra og danskra þingmanna um fullveldi Íslands lokið. Hátíðarfundurinn á Þingvöllum var einn af mörgum þáttum í hátíðahöldum á afmælisárinu sem undirbúningsnefnd Alþingis stóð fyrir með þátttöku fjölda félaga, samtaka, hópa og stofnana.

Vorið 2017 var skipaður vinnuhópur á vegum skrifstofu Alþingis til að annast undirbúning hátíðarfundar á Þingvöllum og átti þjóðgarðsvörður sæti í hópnum sem fulltrúi Þingvallanefndar og sem tengiliður við þjóðgarðinn. Aðrir í hópnum voru fulltrúar þeirra sem komu beint að framkvæmd mismunandi þátta hátíðarfundarins svo sem Ríkislögreglustjóra, Vegagerðarinnar, Framkvæmdasýslu ríkisins og Ríkisútvarpsins, auk starfsfólks Alþingis. Þegar leið að hátíðarfundinum var ljóst að mikil vinna fólst í að stjórna og undirbúa framkvæmdir á vettvangi, samhæfa störf þeirra sem komu að undirbúningi hátíðarfundarins, t.d. Rarik, Vegagerðarinnar, Landsbjargar og annarra aðila. Starfsfólk þjóðgarðsins vann ötullega að undirbúningi hátíðarfundarins, bæði með áætlunargerð og sérþekkingu sinni á svæðinu auk aðkomu að mismunandi framkvæmdum.

Göngustígar voru undirbúnir og lagfærðir og lagt kurl í 500 metra af gönguleiðinni frá þjónustumiðstöðinni að hátíðarsvæðinu. Gott og hnökralaust samstarf var milli allra sem komu að undirbúningi og framkvæmd hátíðarfundarins. Undirbúningurinn miðaðist við að 2000-5000 manns kæmu til Þingvalla sem var töluvert minna en hafði verið á öðrum stærri viðburðum á Þingvöllum enda var hér eingöngu um að ræða hátíðarfund Alþingis án nokkurrar annarrar dagskrár á Þingvöllum. Mun færri komu á Þingvöll til að fylgjast með hátíðarfundinum en búist var við en bein útsending RÚV tókst vel og horfðu margir á sjónvarpsútsendingu frá viðburðinum.



HEIMSÓKNIR OG VIÐBURÐIR

37

Skólabörn fá fræðslu um Þjóðgarðinn í eldri hluta gestastofu.

Þingvellir með augum skólabarna

Þingvellir eru einn fjölsóttasti ferðamannastaður Íslands. Þjóðgarðinn sækja innlendir sem erlendir gestir til að sjá með eigin augum og fræðast um þingstaðinn forna, jarðfræði staðarins og njóta blæbrigða náttúrunnar. Undanfarinn áratug hefur orðið ævintýrleg fjölgun ferðamanna til Íslands og hafa Þingvellir ekki farið varhluta af því.

Eitt af skemmtilegri verkefnum starfsmanna Þjóðgarðsins er taka á móti skólahópum af öllum stigum skólakerfisins. Þessu verkefni er sinnt allt árið en þó er nemendafjöldinn mestur rétt fyrir lok skólaársins í maí og júní. Þannig sóttu um 1140 skólabörn þingstaðinn forna heim þessa mánuði 2021 og nutu fræðslu um Þingvelli, heimsminjar, sögu og náttúru. Á móti hafa börnin deilt með starfsmönnum hvernig það er að upplifa staðinn með barnsaugum, t.d. með því að sjá for- ynjur og tröll úr klettaveggjum eða taka eftir litlum nýútsprungnum blómum á vellinum. Þessar árvisu heimsóknir skólabarna eru í senn ljúfur og þróttmikill sumarboði fyrir önnum kafið starfsfólk Þjóðgarðsins.

Skátar á Þingvöllum

Einn liður í dagskrá alþjóðlega skátamótsins World Scout Moot 2017, sem 5000 skátar frá um 100 þjóðlöndum sóttu á Úlf- ljótsvatni, var svokallað Youth Forum, eða þing unga fólksins, sem haldið var í Þjóðgarðinum á Þingvöllum í lok júlí 2017. Tilgangur þinghaldsins, sem fram fór á tjaldstæðinu á Syðri-Leirum, var að kynna gangverki lýðræðisins og skoða mál- efni sem snerta ólík samfélög. Um 1200 skátar sóttu um að taka þátt í þingi unga fólksins og því stóð það í tvo daga. Auk þingstarfa nýttu skátarnir tíma sinn til leikja, fræðslu og sjálfbóðaliðastarfa í þágu Þjóðgarðsins.



Alþjóðlegt skátamót, World Scout Moot 2017, var vel sótt en það var að hluta til haldið á Þingvöllum.



Angela Merkel kanslari Þýskalands og fylgdarlið hennar njóta leiðsagnar Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og Einaris Á. E. Sæmundsen um þinghelgina í ágúst 2019 en þá kom hún í opinbera heimsókn til Íslands.

Angela Merkel kanslari Þýskalands heimsækir Þingvelli

Þann 20. ágúst 2019 tók Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra Íslands á móti Angelu Merkel kanslara Þýskalands á Þingvöllum í opinberri heimsókn hennar til Íslands. Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður tók á móti þeim á Hakinu og gekk síðan með þjóðarleiðtogunum um þingstaðinn forna með viðkomu á Lögbergi, við Drekkingsarhyl og í Þingvallakirkju. „Mig hefur alltaf dreymt um að koma til Íslands, og það er ótrúleg tilfinning að ganga um Þingvelli,“ sagði Angela Merkel í stuttu ávarpi sem hún hélt á blaðamannafundi í gamla Þingvallabænum. Hún sagði við hæfi að hittast á Þingvöllum þar sem Alþingi Íslendinga var fyrst stofnað og þar sem vagga lýðræðis stæði. Það væri góð áminning um að halda áfram að berjast fyrir lýðræðislegum gildum.



Heimsókn forseta Íslands á afmæli Bláskógabyggðar

Það var blíðskaparveður þegar forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson og eiginkona hans frú Eliza Reid komu til Þingvalla snemma í júní 2017. Heimsóknin var í tilefni af 15 ára afmæli Bláskógabyggðar og fóru forsetahjónin vítt og breitt um sveitarfélagið þann dag með fulltrúum sveitarstjórnar. Þau byrjuðu ferðina á Þingvöllum þar sem Vilhjálmur Árnason formaður Þingvallanefndar og Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður ásamt öðru starfsfólki tóku á móti þeim. Meðal umræðuefna voru þær fjölmörgu áskoranir sem þjóðgarðurinn hafði staðið frammi fyrir árin á undan vegna fjölgunar ferðamanna.



Forseti Indlands á Þingvöllum

Að mörgu þurfti að huga og talsvert bætti í umferðina á Þingvöllum þegar forseti Indlands Shri Ram Nath Kovind og kona hans Savita Kovind heimsóttu Þingvelli um miðjan september 2019. Forseti Íslands herra Guðni Th. Jóhannesson, Eliza Reid forsetafrú og Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður tóku á móti hjónunum við útsýnispallinn á Hakinu þaðan sem horft var yfir Almannagjá og þingstaðinn forna. Rætt var um sögu og jarðfræði staðarins áður en leið lá niður að Þingvallabænum þar sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra bauð til hádegisverðar.



Kveikur frá Stangarlæk 1

Þeir eru ýmsir gestirnir sem sækja Þingvelli heim á hverju ári og sumir allsérstakir. Haustið 2020 kom stóðhesturinn Kveikur frá Stangarlæk 1 í sína fyrstu og síðustu heimsókn til Þingvalla. Kveikur er einn af þekktari stóðhestum síðustu ára og var stjarna á landsmóti hestamanna 2018. Hann var seldur til Danmerkur sumarið 2020 og töldu eigendurnir við hæfi að fá nokkra ljósmyndara til taka af honum myndir á Langastíg á Þingvöllum áður en hann færi utan.



Kveðjumessa

Sunnudaginn 4. ágúst 2019 stýrði séra Kristján Valur Ingólfsson fyrrum vígslubiskup sinni síðustu messu á Þingvöllum. Messan var haldin í blíðskaparveðri við Skötu-tjörn eins og Kristján Valur hefur haft að sið á sunnudegi um Verslunarmannahelgi.

Sr. Kristján Valur hafði þá þjónað Þingvöllum síðan vorið 2004, messað yfir sumarið, á jólum og nýju ári auk upp- risumessu á páska, svo nokkuð sé nefnt. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum átti einstaklega gott samstarfi við Kristján Val og eru honum færðar kærar þakkir fyrir samfylgdina þessi ár.



90 ára afmæli

Á árinu 2020 átti Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 90 ára starfsafmæli og af því tilefni var búið að skipuleggja allveglega afmælis dagskrá. Meðal annars stóð til að þjóða upp á fyrirlestraröð sem tengdist menningu, fornleifum, líffræði og náttúru Þingvalla og útbúið var boðskort á sýninguna „Hjarta lands og þjóðar“ sem sent var á öll heimili í landinu. Vegna Covid-19 faraldursins varð lítið úr viðburðahaldi þótt nokkrir leggðu leið sína í þjóðgarðinn með boðsmiðann í hönd og nytu sýningarinnar.



Ýmsar sendinefndir

Síðastliðin fjögur ár hafa ýmsar sendinefndir, bæði þingmanna og annarra ráðherra heimsótt Þingvelli. Þjóðgarðsvörður eða staðgengill hans hefur þá tekið á móti viðkomandi. Heimsóknirnar hafa falist í því að skoða sýninguna á Þingvöllum en einnig að sækja hinn forna þingstað heim. Sendinefndirnar hafa flestar verið frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Kína og Norðurlöndun. Þá eru ótalðar þær erlendu stofnanir sem þjóðgarðurinn hefur tekið á móti að beiðni systurstofnana þeirra hér á landi.

www.thingvellir.is

